

14
24. jan.

3. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 112 1943.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

15
24. jan.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lög nr. 106 23. júní 1936, um útsvör, bætist svo hljóðandi ákvæði til bráða-
birgða:

Við ákvörðun útsvarsskyldra tekna skal draga frá hreinum tekjum þeirra, er hlunninda njóta vegna framlags í nýbyggingarsjóð samkvæmt 2. efnismálgrein 3. gr. l. nr. 20 1942, sbr. b- og g-lið 14. gr. sömu laga, þá fjárhæð, sem lögð hefur verið í sjóðinn á því ári.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við útsvör, sem lögð eru á tekjur ársins 1944.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

16
24. jan.

L Ö G

um mannelisráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í mannelisráði eiga sæti landlæknir, sem er forseti ráðsins, og fjórir læknar aðrir, er ráðherra skipar til fimm ára í senn, og skal að minnsta kosti einn þeirra vera sérfróður um heilbrigðis- og mannelismál.

Ef mannelisráð telur þörf á, skipar ráðherra samkvæmt tillögum ráðsins einn eða tvo sérfræðinga til viðbótar í ráðið. Menn þessir skulu skipaðir til ráðuneytis um tiltekin viðfangsefni.

2. gr.

16

Það er hlutverk mannelisráðs að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um þau mál, er að manneli líta, og gera tillögur um framkvæmdir rannsókna á því sviði.

24. jan.

3. gr.

Manneldisráð semur að hverju ári liðnu skýrslu um starfsemi sína, og skal hún birt í heilbrigðisskýrslum landlæknis.

4. gr.

Ákveða má nánara um starfsháttu mannelisráðs í reglugerð, er ráðið semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Kostnaður af starfsemi mannelisráðs og mannelisrannsóknum á vegum þess greiðist úr ríkissjóði samkvæmt úrskurði ráðherra.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

L Ö G

17

um breyting á lögum nr. 8 24. marz 1944, um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 58 7. maí 1940 og nr. 52 30. júní 1942.

24. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsti efnismálsliður 1. gr. laganna orðist svo:

Staðarhérað: Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðuvíkurbreppur. Læknissetur á Staðastað.

2. gr.

2. gr. laganna kemur ekki til framkvæmda, meðan yfir stendur endurskoðun læknishéraðaskipunar samkvæmt þingsályktun frá 11. marz 1944.

3. gr.

Annar efnismálsliður 5. gr. laganna orðist svo:

Álafosshérað: Sá hluti Reykjavíkurbkaupstaðar, sem lagður var til lögsagnarumdæmis Reykjavíkur með lögum nr. 52 1943, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár, Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallasveit. Læknissetur að Álafossi.